

Nr. 19/1912

Þórður J. Thoroddsen  
 gegn  
 hreppsnefnd Keflavíkurhrepps.

## D ó m u r:

Í máli þessu er áfrýjað fógetaúrskurði Reykjavíkurkaupstaðar 3. nóv. f. á., er ákveður að lögtak skuli fram fara hjá áfrýjanda fyrir aukaútsvari til Keflavíkurhrepps, en fógetanum, sem úrskurðinn kvað upp, hefir eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn með löglegum fyrirvara, og þar sem hann hefir eigi sint stefnunni, né fallið frá lögskipuðum stefnufresti, verður ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum, og ber áfrýjandanum að greiða hinum skipaða málafærslumanni hreppsnefndarinnar, sem flutt hefir málið óaðfinnanlega af gjafsóknar hafa hálfu, 12 krónur í ómakslaun.

## Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen greiði málafærslumanni stefnda, yfirréttarmálafærslumanni Oddi Gíslasyni í ómakslaun 12 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagri lagaðföör.